

Nd.

190. Frumvarp til laga

[95. mál]

um viðauka við og breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Þurramæði.

2. Garnaveiki (paratuberculosis í búfé).

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara ná einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) eða aðrir sjúkdómar valda eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga ná einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, sérstökum merkingum á fé, bann við búferlaflutningum og sölu fjár til lífs, niðurskurð, sóttþreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma, sem um ræðir í lögum þessum og vinna að útrýmingu þeirra.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að stuðla að heilbrigðiseftirliti sauðfjár og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum.
2. Að gera viðhlítandi varúðarráðstafanir ef grunur kemur upp um aukna hættu af völdum sjúkdóms, sem um getur í lögum þessum og ef brotnar eru eða vanræktar sóttvarnarreglur.
3. Að koma upp varnarlinum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptuni, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Fyrirsögn 3. kafla hljóði svo: Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir.

6. gr. orðist svo:

Sauðfjárvarnarsvæði eru tvenns konar: Fjárskiptasvæði þar sem fjárskipti hafa farið fram og varnarsvæði þar sem fjárskipti hafa ekki verið framkvæmd.

Sauðfjárvarnarsvæði markast af girðingarlinum, ám, vötnum, sjó eða öræfum, sem ásamt fyrirskipaðri vörzlu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á fjársamgangi. Mörk sauðfjárvarnarsvæða nefnast varnarlinur.

Sauðfjárvarnarsvæði og takmörk þeirra skulu vera ákveðin og gerð almenningi kunn þegar þurfa þykir.

Varðmenn skal hafa til eftirlits við varnarlinur til öryggis, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlinum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlinur skulu settar upp, þar sem nauðsyn krefur og ef unnt er með samkomulagi milli hlutaðeigandi sýslu- eða hreppsfélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlinur og aukavarnarlinur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Skylt er rikissjóði að viðhalda varnarlinum svo lengi að fullvist þyki að fjár- sóttir og aðrir búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum öðrum megin línunnar, þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé.

Því aðeins er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að leggja niður varnarlinur, að fram hafi farið ýtarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum, sem að línunni liggja, og eftir að hafa ráðgætt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Gefa skal aðliggjandi héruðum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust gegn skuldbildingu um að halda þeim við minnst í 3 ár og taki jafnframt á sig ábyrgð á að gera þær hættulausar til frambúðar. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum kvðum, er heimilt að gefa hreppsfélögum, upprekstrarfélögum eða bændum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að eignast þær með sömu skilyrðum, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan sauðfjárvarnarsvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlinum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa, á kostnað eigenda, sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum þar sem henni þykir nauðsyn til bera. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litamerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Bannað er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlinur nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd leyft flutning á kynbótafé yfir varnarlinur. Gilda um þá allar sömu varúðarreglur og við flutning sæðis, samanber síðustu málsgrein þessarar lagagreinar og auk þess önnur skilyrði, er tilgreind skulu í reglugerð.

Sleppi kindur yfir varnarlinur skal þeim slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlinur. Liffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsókna, án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta, þannig að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir þær, enda hafi liffæri úr þeim verið send til rannsókna. Greiða skal þær bætur úr rikissjóði, að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, látið bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því, sem ástæða er til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlinur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli sauðfjárvarnarsvæða í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum eða nautum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig. Heimild til sæðisflutninga skal háð samþykki yfirdýralæknis.

8. gr.

Til viðbótar 14. gr. komi:

Einnig er nefndinni heimilt, að banna búferlaflutninga innan sauðfjársvæðis, milli héraða, hreppa og einstakra bæja, þótt ekki séu varnarlinur eða hindranir yfir að fara, ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu búfjársjúkdóma. Um bætur fyrir slík bönn gilda sömu ákvæði og um flutningabönn yfir varnarlinur.

Skylt er hreppstjórum að gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart með nægum fyrirvara, ef fara á fram uppboð eða sala á sauðfjár- eða kúabúum. Getur þá nefndin bannað slíka sölu eða sett þau skilyrði, er hún telur nauðsynleg.

9. gr.

Til viðbótar 15. gr. komi:

Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað fjáreigendum og sláturleyfishöfum að láta framkvæma slátrun á öllu fullorðnu fé, sem slátra á af ákveðnu svæði í lok sláturtíðar eða þegar hentugt þykir til þess að unnt sé að framkvæma ýtarlega líffærasöfnun og líffæraathugun meðan á slátrun stendur. Sauðfjársjúkdómanefnd getur einnig skyldað sláturleyfishafa, hvar sem er á landinu og á þeirra kostnað, til þess að láta safna líffærum sláturgripa jafnóðum og slátrun fer fram, merkja þá og koma þeim strax til rannsóknar eða í frystigeymslu og gera um það skriflega skilgrein.

10. gr.

Síðasti málsliður 16. gr. orðist svo:

Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, hvort sem þeim er slátrað heima eða í sláturhúsi, skulu greinilega merkt og send til rannsókna án tafar.

11. gr.

Síðasti málsliður í 17. gr. orðist svo:

— sem líkur eru til að hafi smitast við hýsingu með veiku fé við samrekstur og í réttum.

12. gr.

Til viðbótar 21. gr. komi:

— eða hafa saman á farartæki. Sé sýkt eða grunað fé tekið til flutnings, er skylt að hreinsa vandlega og sótthreinsa flutningstækið á eftir og grafa eða brenna saurinn. Sama gildir um hús og aðra geymslustaði, þar sem slíkt fé hefur dvalizt, sem og allar sláturfjarréttir. Frá heimilum þar sem garnaveiki hefur verið staðfest, má ekki flytja sauðfé eða nautgripi til lífs á ósýkta bæi og ekki fyrr en liðin eru 10 ár frá því veikinnar var síðast vart. Sama gildir um nýfædd ungvíði.

Skylt er að senda garnabút aftast úr mjóögörn, greinilega merktan, til rannsókna úr öllum fullorðnum gripum, kúm og kindum, sem slátrað er frá þessum bæjum.

Ef kýr eða kindur frá sýktum heimilum hafa dvalið í girðingarhólfum eða húsum, eða verið á farartækjum eða sýningum með gripum frá ósýktum heimilum, er heimilt að fyrirskipa tafarlaust slátrun og innyflarannsókn á þeim gripum sem möguleiki er talinn vera á, að smíthætta stafi af. Heimilt er og að fyrirskipa einangrun allra gripanna, eða aðrar varúðarráðstafanir, þar til rannsókninni er lokið.

13. gr.

Fyrsti málsliður fyrstu málsgreinar 22. gr. orðist svo:

Sauðfjár sjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki, að fyrirskipa reglubundnar rannsóknir.

Við aðra málsgrein 22. gr. bætist:

Nú hefur bólusetning verið vanrækt í héruðum þar sem garnaveikibólusetning hefur verið fyrirskipuð, og er þá óheimilt að flytja þaðan fé til lífs, unz bólusetning hefur farið fram, eins og fyrirskipað hefur verið. Búfé, sem komið er í sláturfjár-rétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal því slátrað nema til komi leyfi sauð-fjár sjúkdómanefndar.

14. gr.

Fyrsta málsgrein 37. gr. orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattaframtali áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjár sjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattaframtal hjá fjáreigendum, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjár sjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast.

15. gr.

Þriðja málsgr. 38. gr. orðist svo:

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárkaupasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af sauðfjár sjúkdómanefnd í samvinnu og samráði við Guðmund Gíslason, lækni, og Pál A. Pálsson, yfirdýralækni, og fylgdi frumvarpinu greinargerð sú, sem hér fer á eftir. Ekki er gert ráð fyrir, að þessar breytingar, ef að lögum verða, hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Greinargerð.

Með bréfi dags 28. janúar 1965 fól landbúnaðarráðherra Ingólfur Jónsson, sauð-fjár sjúkdómanefnd að taka til endurskoðunar ákvæði laga nr. 23 10. maí 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjár sjúkdóma og útrýmingu þeirra, í samráði við Guðmund Gíslason, lækni, og Pál A. Pálsson, yfirdýralækni. Bréfi ráðherrans fylgdi bréf og uppkast að tillögum um breytingar á nokkrum greinum laganna, frá Guðmundi Gíslasyni.

Sá háttur var hafður á, að þáverandi formaður nefndarinnar, Friðjón Þórðarson, Páll A. Pálsson og Sæmundur Friðriksson, yfirlóru sameiginlega öll lögin og felldu tillögur Guðmundar Gíslasonar inn í þau, að mestu leyti óbreyttar, en gerðu auk þess tillögur um breytingar og viðauka við nokkrar aðrar lagagreinar. Ekki var formlega gengið frá breytingunum á þessu stigi, en efnislega var hægt að gera grein fyrir þeim á fundi sauðfjár sjúkdómanefndar hinn 11. marz 1965 og samþykkti nefndin þær fyrir sitt leyti. Nefndin óskaði þvínæst eftir því, að þeir Guðmundur Gíslason, Páll A. Pálsson og Sæmundur Friðriksson gengju formlega frá breytinga-tillögum. Þeir héldu síðan nokkra fundi og höfðu að mestu leyti gengið frá til-lögum seint í marzmánuði. Þó voru enn nokkur atriði, sem vafi gat leikið á, hvort taka ætti inn í lögin og var það til þess, að frumvarpinu var ekki skilað til ráð-herra í fyrravetur. Síðan var ekki unnið neitt í þessu máli fyrr en nú upp úr ára-mótum. Héldu þá sömu menn áfram, þar sem frá var horfið, héldu nokkra fundi og náðu fullu samkomulagi um breytingatillögurnar.

Skal nú gerð grein fyrir þeim í aðalatriðum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. I. kafla, þar sem taldir eru upp sjúkdómar þeir, sem lög þessi ná til, er fellt niður orðið „mæðiveiki“, þar sem veiki þeirri, er svo var nefnd, tókst að útrýma að fullu með fjárskiptunum 1952.

Síðustu málsgrein 1. gr. er breytt þannig, að hún er samræmd við næstu málsgrein á undan á þá leið, að lögin geti náð til fleiri sjúkdóma en þeirra, sem taldir eru upp í lögnum. Einnig er þar bætt inn heimildarákvæðum, sem nota má til að draga úr smithættu af slíkum sjúkdómum.

Um 2. gr.

Úr 2. gr. I. kafla er sleppt þrem síðustu orðunum, þ. e. „með fjárskiptum innanlands“. Er litið svo á, að sú aðferð geti naumast hér eftir verið aðalatriði í hindrun á útbreiðslu og útrýmingu sjúkdómanna.

Um 3. gr.

Í II. kafla 5. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar á verkefni sauðfjársjúkdómanefndar. Eru þær fólgnar í því, að nefndin stuðli að heilbrigðiseftirliti og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum. Einnig að hún geri viðunandi varúðarráðstafanir, ef grunur kemur upp um aukna sýkingarhættu og ef sóttvarnarreglur eru brotnar eða vanræktar.

Fellt er niður að nefndin hafi stjórn annarra stóttvarnarráðstafana er um getur í lögum þessum og einnig að hún skuli hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, ef til innflutnings kæmi, og tæknifrjóvgun. Þessi ákvæði eru nú talin óþörf í lögnum og voru einkum sett inn á sínum tíma, ef til þess kæmi að reynt yrði að fá fjárstofna, sem væru ónæmir eða lítt næmir fyrir sjúkdómum.

Um 4. gr.

Grein þessi er um breytingar á III. kafla.

Lagt er til, að hann heiti „Um sauðfjárnarsvæði og varnir“, í stað „Um varnarlinur og varnir“. Þetta er aðeins orðalagsbreyting, en nær þó heldur betur efnislega því, sem kaflinn fjallar um. Eins og 6. gr. er nú í lögnum, virðist hún því nær eingöngu vera miðuð við fjárskiptasvæði. En nú eru varnarlinur sums staðar hafðar til að verja svæði, þar sem ekki hafa farið fram fjárskipti. Í tillögnum eru því öll svæði, sem halda á aðgreindum frá öðrum, nefnd sauðfjárnarsvæði og þeim síðan skipt niður í fjárskiptasvæði og varnarsvæði, þau síðarnefndu, þar sem aldrei hafa farið fram fjárskipti.

Niðurlagi 6. gr. um varnarlinur er breytt á þá leið, að ekki er gert ráð fyrir fjárskiptafélögum og fjárskiptanefndum, sem samningsaðilum um uppsetningu nýrra girðinga, ef til kæmi, heldur sýslu- eða hreppsfélögum.

Um 5. gr.

Í 9. gr. laganna er gengið út frá því, að varnarlinum verði viðhaldið minnst 9 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum. Í tillögnum er lagt til, að 9 ára tímabilinu sé sleppt, en í staðinn komi, að varnarlinunni sé viðhaldið þar til fullvíst þykir, að búfjársjúkdómar geti ekki leynzt öðrum megin línunnar. Einnig er lögð til sú breyting, að sauðfjársjúkdómanefnd leggi ekki niður varnarlinur nema að undangengnu ítarlegu heilbrigðiseftirliti og eftir að hafa ráðgætt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Þá eru lagðar til smábreytingar á heimild til afhendingar á gömlum varnarlinum.

Um 6. gr.

Smávægileg breyting er lögð til á 12. gr., þ. e. að hægt sé að fyrirskipa merkingar bæði á sauðfé og nautgripum og að þær séu ekki eingöngu bundnar við litarmerkingar. Plötumerkingar geta stundum verið nauðsynlegar.

Um 7. gr.

Þar er gert ráð fyrir verulegri efnisbreytingu á 13. gr. Eins og greinin er nú, er algert bann við því, að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlinur, nema vegna fjárskipta. Reynslan hefur sýnt að þetta ákvæði torveldar mjög kynbætur á sauðfé í landinu, og hafa nú síðari árin færzt mjög í aukana kröfur um að hér verði breyting gerð á. Er því lagt til, að sauðfjársjúkdómanefnd fái heimild til að leyfa flutning á kynbótafé yfir varnarlinur með mjög ströngum skilyrðum. Gert er ráð fyrir að sett verði sérstök reglugerð um slíka flutninga, auk þeirra ákvæða, sem nú eru í laga-grein þessari.

Um 8. gr.

Þar er lagt til að bætt verði við 14. gr. heimild fyrir sauðfjársjúkdómanefnd til að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnasvæða. Er þá einkum átt við það, að ef varnarlína er lögð niður, þá sé eins fyrir því hægt að banna t. d. flutning á heilum fjárbúum yfir línuna. Sem dæmi mætti nefna, að ef Eyjafjarðargirðingar yrðu lagðar niður sem varnarlinur, þá væri hægt að hindra t. d. að heilt fjárbú yrði flutt austan úr Bárðardal vestur í Akrahrepp eða því um líkt. Slíkir búferlaflutningar eru mjög óheppilegir að öllu leyti, þar sem féð sækir á að strjúka til baka og getur haft samband við fé úr mörgum sveitum á leiðinni eða villzt annað. Einnig er bætt við 14. gr. ákvæði um að hreppstjórar geri nefndinni aðvart, ef uppboð eiga að fara fram á búfé. Getur verið nauðsyn á að koma í veg fyrir dreifingu á búfé, t. d. ef garnaveiki, kýlapest, riða, kláði o. s. frv. væri í þeim fénaði, sem selja á á uppboði, eða ef farizt hefur fyrir að bólusetja sauðfé gegn garnaveiki. Því er nokkur fyrirvari nauðsynlegur hér, til þess að unnt sé að kanna heilbrigði búfjárins.

Um 9. gr.

Þar er einnig lagt til að komi viðbót, þ. e. við 15. gr., um að sauðfjársjúkdómanefnd geti fyrirskipað að slátrun á fullorðnu fé verði sameinuð í lok sláturtíðar, eða þegar hentugt þykir. Einnig að sláturleyfishafar annist söfnun, merkingu og geymslu líffæra. Þessi ákvæði eru hugsuð til þess að auðvelda nauðsynlegar líffærarannsóknir.

Um 10. gr.

Í niðurlagi 16. gr. er gert ráð fyrir litiðsháttar breytingu, sem felur í sér, að líffæri skuli send til rannsókna, hvort sem fénu er slátrað heima eða í sláturhúsi.

Um 11. gr.

Ætlazt er til, að breyting komi í niðurlag 17. gr. um aukna heimild til fjárförgunar, ef líkur eru til, að fé hafi smitazt við hýsingu með veiku fé.

Um 12. gr.

Þar er lagt til, að veruleg viðbót komi við 21. gr. laganna. Eru það allt fyllri ákvæði en nú eru í lögum til að draga úr smithættu af garnaveiki.

Um 13. gr.

Í upphafi 22. gr. er gerð breyting, sem raunar er leiðrétting um heimild til að fyrirskipa rannsóknir á búfé.

Þá er gert ráð fyrir viðbót við aðra málsgrein sömu gr. um viðurlög, ef fyrirskipuð garnaveikibólusetning hefur verið vanrækt. Einnig um bann við að taka fé til lífs úr sláturfjarréttum.

Um 14. gr.

Á 37. gr. laganna er gert ráð fyrir verulegri efnisbreytingu. Meðan aðalfjárskiptin stóðu yfir og mæðiveikin felldi árlega margt fé, þótti sanngjarnt að miða

bótaskylda fjártölu við áramót tæpum tveim árum fyrir niðurskurð. Var þetta gert til þess, að fjáreigendur fengju bætur fyrir fé, sem þeir höfðu misst síðasta árið fyrir fjárskipti. Nú er þetta ákvæði orðið úrelt og hefur verið það í sambandi við fjárskipti síðustu ára. Þau hafa farið fram áður en til nokkurrar fjárfækkunar hefur komið og ef til fjárskipta kæmi enn, eru engar líkur til að beðið yrði eftir tjóni og fjárfækkun af völdum veikinnar. Að óbreyttu þessu ákvæði fá þeir meiri rétt, sem eru að fækka fé sínu af ýmsum ástæðum en hinir, sem eru að fjölga því.

Þó er sett inn til vara heimild til að miða bætur við næstsiðustu áramót, ef svo vildi til, að fjárfækkun hefði átt sér stað vegna sauðfjársjúkdóma.

Um 15. gr.

Þar er einungis gerð leiðrétting á prentvillu í næstsiðustu málsgrein 38. gr., á að vera fjárkaupasvæði í stað fjárskiptasvæði.

Allar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögnum, eru í samræmi við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd þeirra þann tæpan áratug, sem liðinn er síðan þeim var síðast breytt. Engan þarf að undra þótt þörf sé á að breyta löggjöf eftir svo langan tíma um starfsemi eins og þá, sem hér um ræðir.

Við undirritaðir teljum áriðandi, að breytingar þessar verði felldar inn í lögina á Alþingi því, er nú er að störfum.

Reykjavík, 16. febrúar 1966.

Guðmundur Gíslason. Páll A. Pálsson. Sæmundur Friðriksson.